

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

119. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 6. júní 2013 kl. 10:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

## Dagskrá:

1. Skipting fjárveitingar til viðhalds heiðagirðinga.
2. Skipting fjárveitingar til viðhalds styrkvega.
3. Erindi frá byggðarráði – Beiðni um umsögn v/erindis Þórðar Skúlasonar.
4. Farið yfir drög að Fjallskilasamþykkt og samþykkt um búfjárhald.
5. Önnur mál.

## Afgreiðslur:

1. Landbúnaðarráð leggur til að kr. 2.000.000 sem eru til ráðstöfunar á árinu 2013 til viðhalds og endurnýjunar heiðagirðinga verði skipt með eftirfarandi hætti:

- |                 |             |
|-----------------|-------------|
| a) Í Hrútafirði | kr. 500.000 |
| b) Í Miðfirði   | kr. 690.000 |
| c) Í Víðidal    | kr. 810.000 |

Lagt er til að kauptaxtar fyrir girðingavinnu verði samræmdir. Landbúnaðarráð fer fram á að formenn fjallskiladeilda taki saman ítarlegt yfirlit um ástand heiðagirðinga þegar viðhaldi sumarsins 2013 er lokið. Yfirlitið verði sent landbúnaðarráði í október nk. Formenn fjallskiladeilda gæti þess að kostnaði viðhaldsframkvæmda sé haldið innan fjárheimilda.

2. Formaður greindi frá því að fjárveiting Vegagerðarinnar til viðhalds styrkvega á árinu 2013 sé 3,0 millj. kr. Mikil umræða fór fram um ástand styrkvega og þá miklu framkvæmdaþörf sem fyrir liggur. Eftirfarandi tillaga um skiptingu styrkvegafjárins var samþykkt samhljóða:

- a) Til afréttarvega á Víðidalstunguheiði kr. 1.250.000
- b) Til afréttarvega í Miðfirði kr. 1.050.000
- c) Til afréttarvega í Hrútafirði kr. 250.000
- d) Til vegar yfir Brandagilsháls kr. 100.000
- e) Til vegar upp á Vatnsnesfjall kr. 150.000
- f) Til vega í fyrrum Bæjarhreppi kr. 200.000

Sveitarstjóra falið að láta framkvæma úttekt á vegi upp á Vatnsnesfjall og sé ekki þörf á viðhaldi vegarins verði þeim fjármunum varið til að bakkaverja veg í Vesturárdal.

Viðkomandi fjallskilastjórnir sjái um framkvæmdir á afréttarvegum hver á sínu svæði. Minnt skal á að við framkvæmdir verði ekki farið fram úr fjárveitingum. Sveitarstjóra falið að ráða aðila til að sjá um framkvæmdir á Brandagilshálsi og á Vatnsnesfjalli verði farið í framkvæmdir þar.

3. Erindi frá byggðarráði kynnt. Byggðarráð óskar umsagnar landbúnaðarráðs vegna erindis Þórðar Skúlasonar þar sem óskað er umsagnar um beiðni hans um stofnun lögbýlis á séreignarhluta hans nr. 205428 í jörðinni Grund í Vesturhópi nr. 144535. Erindinu fylgir úttekt ráðunautar Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda á búskaparskilyrðum á Grund í Vesturhópi. Í erindinu kemur m.a. fram að ekki eru uppi nein áform um að breyta skipulagi né taka jörðina eða umræddan hluta hennar úr hefðbundnum landbúnaðarnotum. Í ljósi framangreinds álítur landbúnaðarráð að ekkert standi í vegi þess að stofnað verði sérstakt

lögbylí um séreignarhluta Þórðar Skúlasonar nr. 205428 í jörðinni Grund í Vesturhópi nr. 144535.

4.

- a) Farið yfir athugasemdir og ábendingar frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu við drög að samþykkt um búfjárhald í Húnaþingi vestra ásamt umsögn Bændasamtaka Íslands. Landbúnaðarráð samþykkir fyrir sitt leyti samþykkt um búfjárhald í Húnaþingi vestra með áorðnum breytingum og vísar samþykktinni til afgreiðslu sveitarstjórnar.
- b) Farið yfir drög að fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra ásamt umsögn Bændasamtaka Íslands. Landbúnaðarráð samþykkir fyrir sitt leyti fjallskilasamþykkt í Húnaþingi vestra með áorðnum breytingum og vísar samþykktinni til afgreiðslu sveitarstjórnar. Formanni falið að kanna hverjir hafi atkvæðisrétt á fjallskiladeildafundum og hvort heimilt sé að kveða á um slíkt í fjallskilasamþykkt.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.12:12

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir(sign)  
Jóhann Ragnarsson(sign)  
Þorsteinn Helgason(sign)  
Leó Örn Þorleifsson(sign)

Sigtryggur Sigurvaldason(sign)  
Þórarinn Óli Rafnsson(sign)  
Agnar Jónsson(sign)